

Minnisblað

Dagsetning: 07.11.2022
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun vistgerða 2022 – Kalmanstjörn, Garðskagi – sjávarfitjungsvist

Svæðið frá Kalmanstjörn að Garðskaga er á lista Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir mikilvæg fuglasvæði og er að hluta til á náttúruminjasrá og IBA-skrá vegna fjöruvistgerða og fuglalífs. Innan svæðisins er Ósar, grunnur vogur með margbreytilegar fjöruvistir eins og sandmaðksleirur og klóþangsklungur.

Markmið verkefnisins var að endurtaka gróðurmælingar Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) frá 2013 á sniðum í sjávarfitjungsvist við Ósabotna. Heiti sniðanna eru RN-65-02 og RN-65-02+ og vistgerð sniðanna einkennist af sjávarfitjungi (*Puccinellia coarctata*), kattartungu (*Plantago maritima*), og túnvingli (*Festuca rubra*).

Framkvæmd

Ósabotnar voru heimsóttir þann 20. júlí 2022 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Gróðurmælingar voru framkvæmdar samkvæmt leiðbeiningum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) um vöktun vistgerða. Fyrsta verk var að afmarka sniðin tvö út frá settum GPS hnitum með hælum sem skildir voru eftir. Þegar staðsetning og lega sniðanna var tilbúin var notast við staðsetningu smáreita frá gróðurúttekt NÍ árið 2013. Árið 2013 voru átta smáreitarhnit, en í ár átti einungis að nota sex þeirra (sleppa hnitum nr. 2 og 7). Einnig voru tekin jarðvegssýni á hverju sniði og send til NÍ til frekari greiningar. Jarðvegisdýpt var þar að auki mæld við alla smáreiti. Yfirlitsmyndir voru teknar af hverju sniði auk þess sem ljósmyndir voru teknar af jarðvegssýnum og smáreitum. Fjöldi og þekja æðplöntutegunda voru metin í hverjum smáreit og skráð skv. Braun-Blanquet kvarða en einnig var skráð niður heildarþekja, gróðurhæð, jarðvegsraki, jarðvegsgerð og lega hvers reits, ásamt vistgerð og gróðurfélagi hvers sniðs. Til að framkvæma þessar mælingar voru ýmis tól notuð; hælur, naglar, 33x100 cm rammi, GPS tæki, málband, tommustokkur, myndavél (sími), bréfpokar, plastpokar, lúpa, jarðvegsbor, dýptarmælir, tveggja metra mælistika, hnífur og sleggja. Við plöntugreiningar var plöntuhandbók Harðar Kristinssonar notuð. Sýni voru tekin af grösum sem erfitt reyndist að greina í folti og voru þau fullgreind síðar.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að setja inn allar upplýsingar í gagnagrunn NÍ og vista allar ljósmyndir í ljósmyndaforritinu FotoWare. Náttúrufræðistofnun Íslands sér um ítarlegri greiningu gagnanna en hér eru helstu niðurstöður sem Náttúrustofan gerir grein fyrir: Sniðin tvö sýna greinilega dæmigerða sjávarfitjungsvist þar sem gróðurinn er mjög beltaskiptur. Nálægt fjörunni eru plöntutegundirnar sjávarfitjungur og kattartunga allsráðandi, en ofar og fjær fjöru taka við ýmsar tegundir af grösum; túnvingull, hávingull (*Schedonorus*



1.mynd: Yfirlitsmynd af sniði við Ósabatna árið 2022

pratensis) og vallarsveifgras (*Poa pratensis*). Einnig fannst tágamura (*Argentina anserina*) en lítið var af henni.

Árið 2013 var mun meiri tegundafjölbreytni en í ár og voru sex plöntutegundir skráðar sem voru ekki til staðar í ár þ.e. hrímblaðka (*Atriplex glabriuscula*), *Atriplex prostrata*, fjörukál (*Cakile maritima*), vegarfi (*Cerastium fontanum*), grávorbólóm (*Draba incana*) og haugarfi (*Stellaria media*). Hins vegar má taka það fram að þekja flestra þessara tegunda var lítil (0-1%) fyrir utan hrímblöðkuna sem var í 1-25%.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Vöktun vistgerða við Ósabatna fór síðast fram árið 2013 og fjölbreytileiki plöntutegunda hefur tekið breytingum. Flestar þær tegundir sem voru til staðar árið 2013 en ekki í ár, voru ekki með mikla útbreiðslu á svæðinu og gætu því hafa verið byrjaðar að hopa. Það væri samt sem áður ráðlagt að stytta tímann sem líður á milli úttekta og halda áfram að fylgjast með hvort að tegundasamsetning sniðanna haldi áfram að breytast.